

Greinargerð með fjárhagsáætlun vegna tillögu um nýjan starfsmann

Gerð er tillaga um nýjan starfsmann hjá heilbrigðiseftirlitinu sem er greiddur af sveitarfélögunum og sinnir tiltekt á lóðum og lendum á Vesturlandi og í Kjósarhreppi. Tillagan var borinn upp á aðalfundi 2025 og eftirfarandi ritað í fundargerð:

Hreinsun lóða og lendna- Tiltektarmál.

Framkvæmdastjóri greindi frá tíðum fyrirspurnum frá aðildarsveitarfélögum um hvort heilbrigðiseftirlitið geti tekið að sér lóðahreinsanir í sveitarfélögunum. Löggjöfin er nokkuð skýr um heimildir heilbrigðisnefnda til inngripa í slíkum málum en heilbrigðiseftirlitið þarf að forgangsraða sinni vinnu þannig að reglubundið eftirlit komi fyrst og nær því ekki að anna nema minni málum eins og varðandi númerslaugar bifreiðar þar sem verklag er nokkuð skýrt. Framkvæmdastjóri kynnti að á Suðurlandi og Suðurnesjum er fyrirmynd að því að sveitarfélög kosti sérstakan starfsmann hjá heilbrigðiseftirlitinu til að sinna tiltektarmálum og lagði til við fundinn að þessi leið yrði prófuð.

Í umræðum um málið komu fram spurningar um hvort að hægt væri að fjarlægja óleyfisgáma að undangengnu aðvörunarferli. Framkvæmdastjóri taldi svo vera enda væri löggjöfin skýr hvað þetta varðar.

Fram kom tillaga að fela heilbrigðisnefndinni að vinna kynningu á , þ.e. að skýra ferilinn og formið, og framkvæmdina með heildstæðri áætlun ásamt kostnaði og senda sveitarfélögunum. Í umræðum um málið kom fram að fundarmenn voru einhuga um að sveitarfélögin yrðu að vera tilbúin sjálf í að fara í þetta verkefni og vera samstíga heilbrigðiseftirlitinu í þeirri vinnu. Mögulega þurfa sveitarfélögin að geta boðið fram geymslusvæði gegn gjaldi, fyrir ýmsan búnað íbúa sem koma þarf fyrir í lengri eða skemmri tíma. Samþykkt samhljóða.

Þar sem engar tekjur koma á móti kostnaði er lagt til að starfmaðurinn sé greiddur af sveitarfélögunum í hlutfalli við íbúafjölda eins og samstarfskostnaður og er skipting sé eftirfarandi:

	Framlög sveitarfélaga				Framlög með lóðahreinsunarmanni	Sundurliðun á	
	febrúar	mars	nóvember	Samtals	2025	2026	Starfsmaður í lóðahreinsun Kostnaður á sveitarfélag
Akraneskaupstaður	3.346.186	3.346.186	3.398.981		10.091.352	16.971.819	6.880.467
Borgarbyggð	1.699.834	1.699.834	1.596.678		4.996.346	8.402.945	3.406.599
Dalabyggð	266.169	266.169	253.289		785.627	1.321.282	535.655
Eyja- og Miklaholtshreppur	50.995	50.995	49.045		151.035	254.014	102.979
Grundarfjarðarbær	340.381	340.381	325.327		1.006.090	1.692.061	685.971
Hvalfjarðarsveit	301.410	301.410	322.881		925.700	1.556.860	631.159
Kjósarhreppur	111.526	111.526	143.575		366.626	616.598	249.972
Skorradalshreppur	21.559	21.559	36.054		79.172	133.152	53.981
Snæfellsbær	670.398	670.398	692.091		2.032.887	3.418.946	1.386.059
Stykkishólmshreppur og Helgafellssveit	524.876	524.876	515.413		1.565.164	2.632.322	1.067.158
Samtals	7.333.333	7.333.333	7.333.333		22.000.000	37.000.000	15.000.000

Upplýsingar um kostnað er byggður af reynslu á Suðurnesjum. Ekki er gert ráð fyrir að keypt sé viðbótar bifreið heldur leigð bifreið eða starfsmanni greitt fyrir afnot af bifreið.

Nú er jafnvel útlit fyrir að heilbrigðiseftirlit sveitarfélaga verði fært til ríkisins fyrir 1. janúar 2027 og því ár til stefnu. Að þeim tíma liðnum verður heilbrigðiseftirlitið þá að öllum líkindum gert upp og fjármunir að skila sér til baka til sveitarfélaganna. Ekkert liggur þó fyrir á þessari stundu hvernig verður staðið að því eða hvort af þessu verður. Eftirfarandi er gróf kostnaðarskipting á verkefninu.

Starfsmaður í lóðahreinsun sundurliðun	
Laun	12.400.000
Dagpeningar	600.000
Starfsmannabílar	1.000.000
Lögfræðikostnaður	1.000.000
Samtals	15.000.000

Í framhaldinu þarf að eiga sér samtal við sveitarfélögin um forgangsörðun verkefna og eins möguleika á geymslu þeirra hluta sem kunna að verða fjarlægðir. Það er útlit fyrir eins og staðan er núna að það fáiast reyndur maður í verkefnið sem mun auðvitað einnig fá stuðning frá samstarfsmönnum eins og þarf.

Heimildir til hreinsunar lóða eru skýrar í reglugerð nr. 803/2003 um meðhöndlun úrgangs sbr 14. gr.

14. gr.

Um almennan þrífnað utanhúss.

Umráðamönnum lóða er skylt að halda þeim hreinum og snyrtilegum.

Heilbrigðisnefnd hefur eftirlit með almennum þrífnaði og hreinlæti utanhúss og hlutast til um að fram fari eftir þörfum almenn hreinsun lóða og lendna í þrífnaðarskyni. Í því skyni er heilbrigðisnefnd heimilt að:

- krefjast lagfæringa og viðgerða á lóðum, girðingum og mannvirkjum, ef nauðsynlegt þykir til þrífnaðar eða ef ástand þeirra er til lýta fyrir umhverfið,
- fyrirskipa hreinsun lóða og lendna og ef sérstök ástæða er til niðurrif húsa og girðinga í niðurníðslu,
- láta fjarlægja númerslausar bifreiðar og bílflök og sambærilega hluti að undangenginni viðvörun, t.d. með álímingarmiða með aðvörunarorðum, og
- hreinsa einkalóðir á kostnað eigenda telji nefndin þess þörf vegna mengunar og óhollustu.

Sveitarstjórn skal sjá um að hreinsun fari fram á opinberum stöðum, t.d. görðum og torgum.

Að sama skapi geta mál af þessu tagi verið tímafrek og flókin svo við erum svolítið að renna blint í sjóinn með verkefnið en vonum að sama skapi að sveitarfélögin sjái hag sinn í því.

12. október 2025

Þorsteinn Narfason,

framkvæmdastjóri.

